

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík



Akranesi 17.2.2020

Tilvísun: V202002044

## Efni: Umsögn Landmælinga Íslands við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna.

Þann 13. febrúar sl. var sett á Samráðsgátt stjórnvalda, Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. Meðfylgjandi er umsögn Landmælinga Íslands um breytingar á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Landmælingar Íslands fagna þeim tillögum sem lagðar til um breytingar á 3. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Með lögnum má ætla að til verði heilstæður kortagrunnur af eignarmörkum lands sem brýn þörf er á. Afmarkanir á eignarmörkum lands eru meðal grunngagna hvers lands og birtist það vel í INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins þar sem slík gögn eru skilgreind sem grunngögn í fyrsta viðauka tilskipunarinnar [https://www.lmi.is/wp-content/uploads/2012/04/Skra\\_0045424.pdf](https://www.lmi.is/wp-content/uploads/2012/04/Skra_0045424.pdf). Auk þess eru eignarmörk tilgreind sem grunngögn hjá Sameinuðu þjóðunum í lista þeirra yfir grunngögn eða „fundamental datasets“ sem nauðsynleg eru til að byggja upp og styrkja grunngerð landupplýsinga í hverju landi. [http://ggim.un.org/meetings/GGIM-committee/9th-Session/documents/Fundamental\\_Data\\_Publication.pdf](http://ggim.un.org/meetings/GGIM-committee/9th-Session/documents/Fundamental_Data_Publication.pdf)

Landmælingar Íslands vilja þó gera athugasemdir við 1. mgr. breytinganna á lögnum en þar segir „*Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á landupplýsingum.*“ Landmælingar Íslands fara með grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar skv. lögum nr. 44/2011. Til þess að lagabreytingar við lög nr. 6/2001 skarist ekki við hlutverk Landmælinga Íslands leggur stofnunin til að þessari setningu verði breytt. Til dæmis í „*Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu um land*“ (en skilgreining á landi er að finna í 3 gr. laga nr. 6/2001, 2. málsgr. 1. tölul.)

Landmælingar Íslands vilja jafnframt vekja athygli á mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld sjái til þess að til verði fullnægjandi grunngögn til afmörkunar lands. Mikilvægt er að til verði aðgengilegur myndgrunnur í hárrí upplausn svo hægt sé að afmarka eignarmörk eftir myndum. Þá er jafnframt mikilvægt að slíkur myndgrunnur verði aðgengilegur fyrir alla opinbera aðila til að tryggja að þeir vinni á samræmdum grunni og til að tryggja samræmi gagna og að þau geti flætt óhindrað milli aðila. Auk myndgrunns er afar mikilvægt að til verði nákvæmt hæðarlíkan af landinu auk nákvæmra upplýsinga um legu vatns (straumvatns, stöðuvatna og strandlínu) þar sem þessi landfræðilegu fyrirbrigði afmarka oft á tíðum eignamörk.



Í breytingatillögu á 3. gr. laga nr. 6/2001 segir í 5. mgr. 3 tölul. um heimild ráðherra til að setja reglugerð „3. kröfur til mælinga á eignarmörkum lands, þar á meðal framsetningar gagna þar um, vegna skráningar í landeignaskrá;“. Landmælingar Íslands fagna þessari málsgrein en löngu er orðið tímabært að samræma mælingar á landi og setja fram samræmdar kröfur til mælingamanna. Landmælingar Íslands hafa verið í góðu samstarfi við Þjóðskrá Íslands varðandi kröfur um landmælingar í tengslum við afmarkanir eignamarka. Landmælingar Íslands vilja jafnframt benda á að víða um heim eru mælingar eignamarka eingöngu framkvæmdar af löggildum mælingamönnum og sýnir það m.a. mikilvægi þess að sett verði reglugerð um mælingar á eignarmörkum lands eins og lagt er til í umræddum tölulið. Mikilvægt er að Landmælingar Íslands, sem fagstofnun, komi að gerð slíkrar reglugerðar.

Í nútímasamfélagi eru ákvarðanir í auknu mæli teknar með aðstoð kortagagna og eru eignarmörk landeignaskráar mjög mikilvæg grunngögn fyrir slíkar ákvarðanir. Landmælingar Íslands styðja því heilshugar við breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna og vonar að með þeim verði stefna landupplýsingamála Íslands skoðuð í heildarsamhengi, að skilgreind verði hver eigi að verða grunngögn okkar samfélags og að veitt verði fjármagn inn í málaflokk landupplýsinga með það í huga að bæta aðstæður íslenskrar stjórnvísu til að taka upplýstar ákvarðanir með aðstoð landupplýsinga.

*Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Forstjóri Landmælinga Íslands*